

Viðbragðsteymi aðildarfélaga ÍBH við óvæntum atburðum

Hverju íþróttafélagi er skylt að stofna viðbragðsteymi við óvæntum atburðum.

Viðbragðsteymi íþróttafélaga mynda: a). Formaður / framkvæmdastjóri íþróttafélags, b). Íþróttastjóri íþróttafélags / fulltrúar deilda í íþróttafélagi, c). fulltrúi starfsfólks (ef við á). Skylt er að hafa upplýsingar um viðbragðsteymi á heimasíðum íþróttafélaga, hverjir skipa viðbragðsteymið og hver sé formaður þess. Tilkynningar skulu berast til formanns viðbragðsteymis. Allar tilkynningar eru trúnaðarmál.

Þegar upp kemur grunur um einelti, áreitni, ofbeldi eða óvænt áföll hjá íþróttafélagi skal þegar hafa samband við formann viðbragðsteymis. Skal þá strax unnið eftir fyrirfram ákveðnu vinnuferli:

1. Tilkynning berst til íþróttafélags (formanns viðbragðsteymis).
2. Formaður viðbragðsteymis kallar það saman.
3. Tilkynning rædd í trúnaði.
4. Tilkynning er leyst innan félags og hlutaðeigendum er tilkynnt um niðurstöðu, eða tilkynningu er vísað til:
 - a). Óháðs fagráðs Hafnarfjarðarbæjar til ráðgjafar.
Tilkynningum til óháðs fagráðs er svarað skriflega. Skriflegt svar fer aftur til viðbragðsteymis íþróttafélags til úrlausnar. Viðbragðsteymið þarf síðan að tilkynna niðurstöðu til hlutaðeigenda.
 - b). Barnaverndar.
Tilkynningar til barnaverndar fara þar í ákveðið ferli.
 - c). Lögreglu.
Tilkynningar til lögreglu fara þar í ákveðið ferli.
 - d). Hringt í neyðarlínu 112.
Í neyðartilvikum eða til ráðgjafar.

Einnig er hægt að senda tilkynningar beint til Óháðs fagráðs Hafnarfjarðarbæjar og fá ráðgjöf frá því. Tilkynningar ber að senda á netfangið ohadfagrad@hafnarfjordur.is.